

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

394. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 12.09.2018, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Bjarki Bjarnason og Bjarni Torfi Álfþórsson. Kolbrún Þorsteinsdóttir boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestir fundarins undir lið 5 var Auðbjörg Friðgeirsdóttir og Jón H. Sigurðsson frá pwc.

Tekið fyrir:

1. Rekstraráætlun 2019 - 2023

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir fyrstu drög að rekstraráætlun fyrir árin 2019 – 2023. Forsendur voru kynntar á eigendafundi þann 3. september sl. Málið rætt.

2. Samningur við Sorpstöð Suðurlands bs.

Lögð fram ósk Sorpstöðvar Suðurlands bs. (SOS) um framlengingu á samningi um móttöku á úrgangi af Suðurlandi. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri greina frá fundi sem stjórn SSH boðaði með stjórn SORPU bs., stjórn SOS og bæjar- og sveitarstjórum af Suðurlandi og haldinn var 11. september. Fundur verður haldinn í stjórn SOS síðar í vikunni þar sem vonast er til að málið þokist áfram. Málinu frestað.

3. Lántökur vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar

Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað um fjármögnun og lántökur vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar. Kynnt niðurstaða Íslandsbanka og Lánasjóðs sveitarfélaga um lánveitingar. Stjórn samþykkir lántökur hjá báðum aðilum og bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU bs., samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 750 mkr., til 15 ára. Er lánið tekið til að fjármagna gas- og jarðgerðarstöð í Álfnesi. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Birni H. Halldórssyni, kt. 241262-5299, framkvæmdastjóra SORPU bs., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. SORPU bs. að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyriræli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

[Handwritten signatures and initials]

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu þessa láns ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld ábyrgð eigenda SORPU bs. þ.e.a.s. sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir samþykktum sveitarfélaganna í samræmi við kröfur sjóðsins."

Stjórn samþykkir jafnframt lántöku hjá Íslandsbanka fyrir tveimur lánunum, sbr minnisblað framkvæmdastjóra frá 22. maí sl.:

Framkvæmdalán að fjárhæð 500 milljónir

Langtímalán að upphæð 1.000 milljónir til 6 ára

Stjórn samþykkir og undirritar umboð til framkvæmdastjóra til að ganga frá ofangreindum lánunum gagnvart Íslandsbanka.

4. Samningur við verktaka í Álfsnesi

Samningur við verktaka í Álfsnesi rann út þann 1. september sl. Ljúka átti við útboð í sumar en af ýmsum ástæðum tafðist sú framkvæmd, sbr. minnisblað yfirverkfræðings. Stjórn felur framkvæmdastjóra að framlengja samningi við verktaka til 31. október. Útboð vegna verksins var auglýst um helgina og gert ráð fyrir að nýr samningur taki gildi 1. nóvember nk. og gildi út árið 2020.

5. Kynning innri endurskoðanda

Innri endurskoðandi SORPU kynnir skýrslu um innra eftirlit ársins 2017. Málið rætt.

6. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 21. september kl. 07:30 og 3. október kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 10:20

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Þórir Jón Jónsson

Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Þórir Jón Jónsson

Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Guðrún Eva Jóhannesdóttir